



Innlent - miðvikudagur, 12. ágúst, 2009 - 11:07

Könnun: Íslendingar svartsýnni en aðrir þjóðir á lausn efnahagsvand- ans. Minna traust á ríkisstjórn



Íslendingar eru áberandi svartsýnastir þjóða á efnahagsástandið og traust landsmanna á getu ríkisstjórnarinnar til að bregðast við minnkar.

Þetta eru niðurstöður alþjóðlegrar könnunar um fjármálakreppuna á meðal almennings í 22 löndum.

Capacent Gallup annaðist könnunina hér á landi.

Í fréttatilkynningu frá fyrirtækinu segir að WIN (alþjóðleg samtök óháðra

markaðsrannsóknarfyrirtækja) hafi nú í þriðja sinn gert könnun á áhrifum efnahagskreppunnar í 22 löndum og komið hafi í ljós að Íslendingar eru áberandi svartsýnni en aðrar þjóðir hvað varðar efnahagsástandið á næstu mánuðum. Nú í júní töldu 71% Íslendinga að efnahagsástandið muni enn versna á næstu 3 mánuðum. Næst á eftir Íslendingum í svartsýni komu Þjóðverjar en 46% þeirra töldu að efnahagsástandið fari versnandi.

Af könnuninni í heild sinni sést að í 20 löndum af 22 hefur dregið úr svartsýni þar sem töluvert færri nú töldu að efnahagsástandið myndi versna en fyrir 3 mánuðum. Flestir áttu von á því að efnahagsástandið myndi standa í stað. Ísland og Brasilía voru einu þátttökupjóðirnar þar sem ekki fækkaði í hópi þeirra sem töldu að ástandið myndi versna.

Í síðustu könnun var Ísland eitt af einungis þremur löndum þar sem aukið traust mældist til ríkisstjórnar um að ná tökum á efnahagsvandannum, það hefur nú breyst og mælist traust til ríkisstjórnarinnar minna en í síðustu könnun.

Þá kemur fram í fréttatilkynningu Capacent Gallup að Íslendingar telja einnig frekar en aðrar þjóðir að fjölskyldutekjur þeirra muni lækka á næstu mánuðum, en 59% töldu að þær myndu fara lakkandi og er það aukning frá 55% í síðustu könnun sem gerð var í mars síðastliðnum. Næst á eftir Íslendingum telja 49% Japana að fjölskyldutekjur þeirra muni lækka en hlutfall japanskra þátttakenda sem það telja hefur ekki hækkað, ólíkt því sem sést hér á landi.

Fram kemur að könnuð voru sálfræðileg áhrif kreppunnar og spurt um svefn, streitu, kvíða og depurð sem afleiðingu efnahagsástandsins. 40% allra þátttakenda í löndunum 22 töldu sig hafa upplifað streitu eða kvíða vegna efnahagsástandsins og 18% að þeir hefðu fundið fyrir depurð. 67% Íslendinga höfðu upplifað að minnsta kosti eitt ofangreindra atriða, en á heildina litið höfðu 54% allra þátttakenda upplifað að minnsta kosti eitt atriði.

Þá voru þátttakendur einnig spurðir að því nú eins og áður hversu vel eða illa þeir treystu því að ríkisstjórn viðkomandi lands nái stjórn á efnahagsvandannum, á kvarðanum 1-10 þar sem 1 þýddi að þeir treystu því alls ekki og 10 að þeir treystu því fullkomlega. Á heimsvísu var meðaleinkunnin 4,8 af 10, sem er sama meðaleinkunn og mældist í síðustu könnun. Meðaleinkunn Íslendinga er nú 4,0 af 10. Í desember 2009 var meðaleinkunnin 4,4 af 10, en hækkaði í 4,6 í mars 2009. Ísland var þá eitt af þremur löndum þar sem ekki dró úr trausti. Nú dregur hins vegar úr trausti til ríkisstjórnarinnar á Íslandi. Minnsta traust til ríkisstjórnar mældist í Bretlandi og Japan en í báðum löndunum var einkunnin 3,3 af 10.

Capacent Gallup segir að í desember 2009 hafi helmingur Íslendinga talið að fjölskyldutekjur þeirra myndu minnka á næstu 12 mánuðum, í mars 2009 voru 55% sem töldu að þær myndu minnka en nú séu það 59% íbúa sem telja að þær muni minnka, 31% töldu að þær muni standa í stað en einungis 7% að þær muni aukast. Íslendingar eru svartsýnastir hvað varðar fjölskyldutekjur á næstu 12 mánuðum eins og í síðustu könnun.

Þátttakendur voru einnig spurðir um hvort þeir hefðu frá upphafi efnahagskreppunar minnkað útgjöld sín í 10 flokkum af vöru og þjónustu. 48% Íslendinga sögðust hafa minnkað sín útgjöld og hefur lítil breyting orðið á því síðan í mars 2009. Mest höfðu Íslendingar dregið saman í útgjöldum í frí og ferðalög (74%), kaup á stórum heimilistækjum (74%), í fatnaði og matvælum (70%) en minnst í útgjöldum til Internettenginga á heimilum.

Íslendingar eru að meðaltali líklegri en aðrir til að hafa fundið fyrir streitu, kvíða, ófullnægjandi svefni eða depurð vegna efnahagsástandins. Að meðaltali sögðust 54% þátttakenda í löndunum 22 hafa fundið fyrir að minnsta kosti einu einkenni sem afleiðingu kreppunar. Á Íslandi töldu 63% þátttakenda sig hafa fundið fyrir að minnsta kosti einu einkenni, 45% Íslendinga hafa fundið fyrir streitu, 49% kvíða, 38% depurð en einungis 19% töldu sig hafa sofið verr sem afleiðingu af efnahagsástandinu. Íbúar í Líbanon (79%), Mexíkó (76%), Bandaríkjunum (74%) og Kóreu (72%) voru líklegastir til að hafa fundið fyrir að minnsta kosti einu af einkennunum fjórum sem afleiðingu efnahagskreppunar. Ef horft er til allra þátttakenda í könnuninni kemur í ljós að 39% að meðaltali höfðu ekki fundið fyrir neinum einkennum og 32% Íslendinga töldu sig ekki hafa fundið fyrir neinum einkennum.

Á heildina litið má því segja að meðan í flestum löndum dregur úr svartsýni á efnahagshorfur á næstu mánuðum horfi það töluvert öðruvísi við á Íslandi. Íslendingar hafa minna traust en áður á að ríkisstjórnin nái tökum á vandanum og fleiri en færri upplifa sálfræðilegt álag tengt kreppunni. Þó má segja að þrátt fyrir neikvæðar horfur í efnahag landans, streitu, kvíða og depurð, þá sofa Íslendingar að mestu (19% fundu fyrir svefntruflunum) jafn vel eða illa og áður.

[Senda á Facebook](#)

Rita ummæli

 **Lúðvík**
12. ágúst, 2009 kl.11:17

[Tilkynna óviðeigandi ummæli!](#)

Er það nokkur furða þó almenningur sé svartsýnn þegar þessir auronar eru búnir að ráðast á hvert einast heimili í landinu.







Slóð

Já þessir menn eru búnir að ræna mjólkur peningum almennings.

Í grjótið með þessa menn strax.

Hinn almenni borgari verður að fara að sjá þetta í réttu ljósi og standa

upp.

 Guðrún 12. ágúst, 2009 kl.11:21	Tilkynna óviðeigandi ummæli!
<p>Hér er ekkert að gerast ennþá í réttlætisátt fyrir almenning bara fjármagnseigendur. Er það furða að niðurstaðan sé þessi.</p>	Slóð
 hp 12. ágúst, 2009 kl.11:30	Tilkynna óviðeigandi ummæli!
<p>Hvenær verður þessum útrásaöpum og landráðapólitíkusum stungið í steininn? Hvar er réttlætið??</p>	Slóð
 Kolla 12. ágúst, 2009 kl.11:32	Tilkynna óviðeigandi ummæli!
<p>Er þetta “frétt” fyrir Íslendinga? Við hefðum getað sagt þetta sjálf, án þátttöku Capacent Gallups. Ef farið verður í alvöru aðgerðir eins og frystingu og eignaupptöku til að létta byrðum af okkur hinum, gæti brúnin mögulega lézt.</p>	Slóð
 Danni 12. ágúst, 2009 kl.11:32	Tilkynna óviðeigandi ummæli!
<p>Það er ekki skrytið í ljósi þess að klúður sjálfst og framsóknar er augljóst en formenn og ráðherrar þessara flokka ganga frá klúðrinu með há ráðherraeftirlaun meðan lýðurinn borgar þeirra mistök. Ég segi setjum á neyðarlög og afnemum eftirlaun þessara manna sem hafa siglt öllu hér í strand. Þeir eiga nóg af peningum samt .</p>	Slóð
 Danni 12. ágúst, 2009 kl.11:38	Tilkynna óviðeigandi ummæli!
<p>Útrásaarnir eru eitt en það eru pólitíkusarnir sem leyfðu þeim að ræna þjóð sína og þeirra er ábyrgðin og það er ógeðslega þirrandi að þjóðin er búin að borga þessum mönnum svimandi háar upphæðir fyrir þá miklu ábyrgð sem þeir báru en þar sem þeir klúðruðu öllu skal afnema eftirlaun þeirra strax í dag það er of seint á morgun. Réttast væri að láta þá vinna einhversskonar samfélagsþjónustu fyrir bágstadda þá kannski munu þeir skilja ábyrgð sína .</p>	Slóð
 Danni 12. ágúst, 2009 kl.11:38	Tilkynna óviðeigandi ummæli!
<p>Ég er brjáláður.</p>	Slóð

**Héðinn Björnsson**

12. ágúst, 2009 kl.11:41

[Tilkynna óviðeigandi ummæli!](#)

Það er varla svartsýni að telja að efnahagur landsins sé talsvert frá því að ná botni þegar að það er almennt mat allra sem eitthvert vit hafa á málunum. Svartsýni hlýtur alltaf að þurfa að mæla sem neikvæða skoðun umfram besta mat. Þannig myndi ég telja það nokkuð bjartsýnt mat á stöðu og þróun efnahagsmála sem fram kemur í forsendum Icesavesamninganna þó þeir telji að um áframhaldandi neikvæða þróun verði að ræða á komandi árum.

Slóð

**Lúðvík**

12. ágúst, 2009 kl.11:50

[Tilkynna óviðeigandi ummæli!](#)

Íslendingar eru ótrúlegir ef bíllin hjá okkur er rispaður af einhverjum þá brjálumst við gersamlega .

Slóð

Við aftur á móti gerum ekkert þegar þessir þjóðnýðingar lauma lúsugum lúkunum í vasa okkar og ræna okkur þá gerum við ekkert.

Rísum upp það er laungu tíma bært.

**Danni**

12. ágúst, 2009 kl.11:58

[Tilkynna óviðeigandi ummæli!](#)

Hvað um við almenningur gert til þess að núverandi ríkisstjórn hlusti á okkur , hvernig getum við komið þeim í skiling um að þeir eru í vinnu hjá þjóðinni og þurfa að gera upp málin.

Slóð

**Kolla**

12. ágúst, 2009 kl.12:16

[Tilkynna óviðeigandi ummæli!](#)

Danni: Sammála þér að öllu leyti! Hvað getum við gert annað en að taka málin í eigin hendur?

Slóð

**Erlingur**

12. ágúst, 2009 kl.12:25

[Tilkynna óviðeigandi ummæli!](#)

Það þarf bara að koma þessu liði frá völdum. Það gerist ekkert fyrr en það er búið. Og burt með þessa pólitík. Við þurfum að vinna saman til að koma okkur úr þessum vanda.

Slóð

**Íslendingur**

12. ágúst, 2009 kl.17:00

[Tilkynna óviðeigandi ummæli!](#)

Hvenær verður Bónus og Hagkaup tekið af glæpafjölskyldunni ???

Slóð

**vigga**

12. ágúst, 2009 kl.17:21

Tilkynna óviðeigandi ummæli!

Við skulum sigla framhjá viðskiptum við Hagkaup og Bónus af fremsta megni.

Slóð

**Mandla**

13. ágúst, 2009 kl.00:01

Tilkynna óviðeigandi ummæli!

Já en þetta er Ísland í dag

Slóð

700 heimili leituðu til hjálparsamtaka eftir sumarlokun

<http://www.visir.is/article/20090812/FRETTIR01/551472808>

Margir aðrir fóru ekki, þeirra neyð er ekki síðri en fara ekki fyrir en allt um þrýtur

Aukinn kostnaður við velferðarmál nemur 25 milljörðum á árinu

<http://www.visir.is/article/20090812/FRETTIR01/437604092>

Bíddu er það ekki velferð að hafa í sig og á?

Hvenær ætla kosnir þingmenn að opna augun fyrir ástandinu, hætta barnaskap og sandkassaleik á þingi og fara að vinna fyrir þjóð sína?

Takið ykkur tak!!

**Flía land**

13. ágúst, 2009 kl.01:53

Tilkynna óviðeigandi ummæli!

Þettað fer að verða eins og í Brasilíu fólk sefur á pappakössum úti á götu og þettað er eini staðurinn sem ég hef heimsótt þar sem maður labbaði út með afgangana og rétti næsta manni sem var alsæll að þygja afgangana mína.Það verður ekki langt í það hér.Við eigum ekkert að borga óráðsínu útrásarvíkinga og forsetan meðtalinn svo höfum við ekkert að gera í esb.Ríkið þarf að spara meir Ríkissjónvarpið þettað er bara skandall með þennan nefskatt.já og Orkuveitan þarf að spara líka alltaf eitthvað húllumhæ á þeim bæ.

Slóð

**Margrét S.**

13. ágúst, 2009 kl.06:34

Tilkynna óviðeigandi ummæli!

Þú sem kallar þig “Flía land” (Flýja land)

Slóð

Þú segir að við höfum ekkert að gera í ESB og telur að þú getir sparað mikið með því að spara hjá Orkuveitunni og Ríkissjónvarpinu??

Jú jú auðvitað má spara þar alveg eins og hjá flestum stofnunum landsins.

Við erum með ofurlaunafólk hjá ríkinu sem hefur ekkert lækkað í launum.

En þú sem tilkynnir það að þú ætlir að flýja land, hvað hefur þú með það að segja hvort við hin göngum í ESB eða ekki?

Ég vona að fólk þurfi ekki að sofa í pappakössum úti á götu eins og þú segir, heldur getum við nú sofið í öllum tómu húsunum þegar þú og hinir eru farnir.